

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. mars 2019

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM HOLLUSTUHÆTTI OG MENGUNVARVARNIR, NR. 7/1998, MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM (EES-REGLUR, BURÐARPOKAR).

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 19. febrúar sl., þar sem SORPU er veitt tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Undirritaður hefur á fyrri stigum komið á framfæri athugasemdam við nánast samhljóða frumvarpsdrög sem kynnt voru á samráðsgátt stjórnvalda, annars vegar um plastáætlun ríkisstjórnarinnar (umsögn dagsett 15. nóvember 2018) og hins vegar um nánast samhljóða frumvarpsdrög (umsögn dagsett 28. nóvember 2018). Báðar þessar umsagnir fylgja hér með.

SORPA bs. hefur til langs tíma hvatt íbúa til að draga úr notkun á plasti með alls kyns fræðslu og verkefnum sem skilað hafa árangri í þeim efnum. Hvað varðar innkaupapoka hóf SORPA dreifingu á margnota innkaupapokum fyrir mörgum árum m.a. til að hvetja íbúa til að draga úr notkun plastpoka. Er þetta gert íbúum að kostnaðarlausu. Að auki hófu SORPA og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sérsöfnun á pappír og pappírsumbúðum sem minnkaði verulega þörf íbúa fyrir poka undir úrgang (sjá fyrri umsagnir). SORPA tekur undir fyrirætlanir um að draga úr notkun plasts með sem flestum ráðum. Slíkt verður hins vegar að byggja á greiningu á mismunandi kostum og þá umhverfislegum og fjárhagslegum afleiðingum þeirra aðgerða sem gripið er til.

Litlu er við fyrri umsagnir að bæta en þó áréttað að ekki eru nein viðbrögð við tilvitnaðri umsögn frá 28. nóvember 2018 um bann við plastpokum hvorki í texta laganna eða í greinargerð. Í umsögninni var bent á nokkrar skýrslur þar sem sýnt er fram á að í umhverfislegu tiliti eru einnota plastpokar/höldupokar bestir þegar horft er á allan lífsferil pokans. Ekki er gerð nein tilraun til þess af hálfu ráðuneytisins í greinargerð með frumvarpinu, að nýta vísindaleg gögn, staðreyndir eða útreikninga til ákvörðunartöku. Í greinargerð frumvarpsins eru vísindalegar greinar um málefnið afgreiddar með umsögn Landverndar, sem enga tilraun gerir til að nýta vísindalegar niðurstöður heldur eru þessar erlendu niðurstöður afgreiddar þannig að „...erlendar lífsferilsgreiningar er gerðar hafa verið á burðarpokum úr plasti og fjölnota pokum séu ekki hafnar yfir gagnrýni og nauðsynlegt sé að skoða hlutina í sem víðustu samhengi“. Jafnframt „... komi plastpokar best út, en þar hafi verið gert ráð fyrir því að þeir lendi í endurvinnslufarvegi. Urðun sé t.d. ekki ásættanlegur farvegur í neinu samhengi en þar lendir stór hluti íslenskra burðarplastpoka, sem ruslapokar.“

Augljóslega hafa þeir sem skrifuðu umrædda umsögn Landverndar ekki haft fyrir því að rýna skýrsluna til gagns. Mestu umhverfisáhrif pokanna, hvort sem er plastpoka eða annarra verða við framleiðslu

pokans, ekki endanot eða förgun¹. Sé virkilega eitthvað meint með því að skoða umhverfisáhrif þá er undarlegt að nýta ekki þau vísindalegu gögn sem þegar liggja fyrir. Ekki er gerð nein tilraun til að meta, út frá vísindalegum forsendum raunveruleg umhverfisáhrif höldupoka úr plasti eða bera þá raunverulega saman við aðrar tegundir. Hið „víða samhengi“ er heldur ekki skýrt frekar í greinargerðinni og væri áhugavert ef þetta víða samhengi væri frekar skilgreint.

Hvað varðar urðun á plastpokum þá mun bann við innkaupapokum úr plasti hafa takmörkuð áhrif á magn þeirra plastpoka sem verða urðaðir – þörfin fyrir poka undir úrgang íbúa mun ekkert breytast. Það má líka líta á það sem kost að plastpokar þannig notaðir koma í veg fyrir dreifingu á úrgangi í náttúrunni. Það er líka sérstakt að ráðast gegn 0,6% þess úrgangs sem er urðaður en hvorki fjalla um eða reyna að ná tókum á hinum 99,4% úrgangs sem er urðaður. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að skv. greiningu SORPU eru plastpokar í kringum 2-3% af öllu plasti.

Í greinargerðinni er sérstaklega tekið fram að verslanir bjóði nú þegar upp á innkaupapoka úr öðrum efnum og er þá væntanlega verið að vísa til ýmissa poka úr lífrænum efnum. Þessir pokar eru jafn einnota og venjulegir haldapokar úr plasti – það getur ekki verið réttlæting að þeir séu úr lífrænu efni og þá séu þeir eitthvað betri einnota vara. Að skipta út einni einnota vöru með annarri er ekki lausn. Slíkir „lífrænir“ pokar brotna einungis niður við mjög stýrðar aðstæður sem ekki fyrirfinnast í náttúrunni – má í því sambandi benda á mjög ítarlega skýrslu sem unnin var fyrir sænsku ríkisstjórnina². Ein af megin niðurstöðum þeirrar skýrslu kemur fram í inngangi hennar:

„Rannsóknin sýnir að það er ekki til plast sem brotnar fullkomlega niður í náttúrulegu umhverfi, a.m.k. ekki á þeim tímaramma sem nægilegur er til að koma í veg fyrir hættu á skaða fyrir lífverur.“³ (-þýðing undirritaðs)

Fjöldi lífsferilsgreininga liggur fyrir sem sýna fram á að sleppi slíkir „lífrænir“ pokar út í náttúruna eru þeir jafn miklir skaðvaldar öllu lífríki og venjulegir plastpokar, til dæmis áhrif á lífríki vatns og sjávar.⁴

Almenn notkun á lífrænum pokum mun trufla og í sumum tilvikum eyðileggja mögulega endurvinnslu á öðru plasti, án jákvæðra umhverfisáhrifa. Ef banna á einnota höldupoka úr plasti þá er einnig vandséð hvers vegna einnota plastlíkispokar eru þá ekki bannaðir líka.

Því miður er sá ljóður á allri röksemdafærslu fyrir þessu banni að engin efnisleg rök eða sannanir fyrir skaðsemi innkaupapoka úr plasti umfram aðrar lausnir eru lagðar fram. Því hvetur undirritaður til þess að nefndin skoði gaumgæfilega ofangreindar athugasemdir og þá hvort ekki sé tilefni til þess að málinu sé vísað til frekari vinnslu samhliða aðgerðaráætlun um hvernig draga megi úr notkun á plasti.

f.h. SORPU bs.

Virðingarfyllst,


Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

¹ Því er við að bæta að í umræddri skýrslu er ekki bara skoðuð endurvinnsla á öllum pokum þar sem það er hægt (s.k. „lífræna“ poka er ekki hægt að endurvinnna) heldur er einnig skoðuð orkuendurvinnsla.

² Nedskräpning och nedbrytning av plast i miljön, Delredovisning från Utredningen om hållbara plastmaterial (M 2017:06) Stockholm mars 2018, Statens Offentliga utredningar.

³ "Utredningen konstaterar att det inte finns någon plast som bryts ner fullständigt i den naturliga miljön, i alla fall inte inom en tidshorisont utan att riskera att skada levande organismer."

⁴ (Detzel, A., et al., Study of the Environmental Impacts of Packagings Made of Biodegradable Plastics, Federal Environment Agency, Germany, 18/2013)

Reykjavík 15. nóvember 2018

Efni: Umsögn um drög að aðgerðaráætlun í plastmálefnum.

SORPA bs. fagnar áætlunum ríkisstjórnar Íslands sem birtist í drögum að aðgerðaráætlun í plastmálefnum sem nú er til umsagnar í samráðsgátt Stjórnarráðsins. Er þetta í fyrsta skipti sem áætlun lítur dagsins ljós sem gæti dregið úr magni úrgangs. Áætluninni er skipt upp í mismunandi málefni og eru athugasemdir SORPU við hvern og einn kafla. Almenn ábending er að það er verulegur ljóður á áætluninni að hún styðst hvergi við kannanir, útreikninga eða fræðigreinar – í raun áætlun um aðgerðir sem eingöngu byggir á því að banna eða minnka plast en ekki hvers vegna, hvað á að koma í staðinn eða hvaða afleiðingar mismunandi aðgerðir hafa. Engin af þeim aðgerðum sem lagðar eru til taka á þeim vanda er snýr að samsettum umbúðum, fjölda plasttegunda og ógrynni mismunandi umbúða sem virðist fjölga frá ári til árs. Engin nefnd aðgerð ræðst að rótum vandans þ.e.a.s. neyslu og er það miður. Ekki eru neinar aðgerðir sem t.d tengjast mismunandi álagningu tolla á efni sem ekki er hægt að endurvinna miðað við efni sem hægt er að endurvinna eða bann við innflutningi ákveðinna tegunda umbúða.

Dregið úr notkun plasts*Aðgerð 1: Burðarplastpokar*

Gert er ráð fyrir að notkun einnota burðarpoka úr plasti verði hætt og lagt til að fólk sé hvatt til að nota fjölnota poka. Ekki er vitnað í neinar skýrslur, kannanir eða fræðigreinar um umfang mengunar vegna höldupoka úr plasti hér á landi sem styður þessa tillögu. Heldur ekki gerð nein tilraun til að meta umhverfisleg, efnahagsleg eða samfélagsleg áhrif slíks banns. Tillagan virðist því eingöngu byggð á tilfinningum en ekki staðreyndum.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að gerðar hafa verið nokkrar greiningar á lífsferlisáhrifum mismunandi burðarpoka. Sú nýjasta var unnin á vegum dönsku umhverfisstofnunarinnar¹. Þar eru borin saman umhverfisáhrif ýmissa umhverfisþátta m.a. áhrif á loftslag, eitrunarhættu, efnaauðgun o.s.frv. Þar má sjá að sá innkaupapoki sem hefur minnst áhrif á umhverfið eru venjulegir höldupokar úr plasti (LPDE). Bómullarpoka framleiddum úr venjulegum bómull þarf að nota 7.100 sinnum til að umhverfisáhrifin jafnist út (þ.e.a.s. í 19,5 ár á hverjum degi ef notaður einu sinni á dag). Margnota innkaupapokar úr PolyPropylen (PP) þarf að nota 52 sinnum, hafi hins vegar LPDE pokinn verið notaður tvisvar þá þarf að nota PP pokann 104 sinnum. Af allri umfjöllun í ofangreindri skýrslu má sjá að það skiptir máli hvaða margnota poki er notaður. Suma innkaupapoka, eins og t.d. úr sterkju þarf

¹ „Life Cycle Assessment of grocery carrier bags“, Environmental Project no. 1985, February 2018, Ministry of Environment and Food of Denmark, Environmental Protection Agency (<https://www2.mst.dk/Udgiv/publications/2018/02/978-87-93614-73-4.pdf>)

að nota oftar en líftími þeirra getur nokkurn tímann orðið. Breska umhverfisstofnunin lét gera ámóta skýrslu fyrir um áratug og eru niðurstöður á svipaðan veg².

Höldupokar úr verslunum eru u.þ.b. 0,6% af öllum úrgangi sem urðaður er í Álfnesi (um 0,3% af öllum úrgangi). Því er það nokkuð sérstakt að leggja til slíka aðgerð sem hefur engin áhrif á magn úrgangs. Til viðbótar er rétt að benda á að venjulegur innkaupapoki (höldupoki) er eina plastið sem íbúar kaupa gagnert til að endurnota og nota þá undir úrgang á heimilinu, t.d. annan plastúrgang til endurvinnslu eða almennan úrgang. Sú þörf fyrir plastpoka mun ekkert minnka þó höldupokar verði bannaðir. Það má færa rök fyrir því að plastmengun í umhverfinu sé m.a. til komin vegna þess að plastið er sett laust í ruslatunnur eða gáma. Þegar tunnur og gámar eru tæmdir, í landi þar sem yfirleitt er vindasamt er nánast útilokað annað en að plast og annað létt fjúki út í umhverfið. Sé plastið í pokum er miklu minni hættá slíkri mengun.

Verði höldupokar bannaðir verður íbúinn því þvingaður til að kaupa aðra poka undir úrganginn og þá örugglega eingöngu til að nota bara einu sinni. Notkun s.k. máispoka eða sterkjupoka er ekki lausn þar sem þeir eru verri í umhverfislegu tilliti en venjulegir haldapokar og ill skiljanlegt hvaða rök liggja að baki því að skipta út einnota plasti fyrir einnota úr öðru efni.

Ekki er svarað þeirri spurningu hvað þetta bann þýðir fyrir útgjöld íbúa eða samfélagsins. Í greinargerðinni er sú merkilega fullyrðing að „Kostnaður við verkefni eigi ekki við“ – er kostnaður sem lagður er á íbúann þessu óviðkomandi?

Að öllu þessu sögðu verður ekki séð hvers vegna lagt er til þetta bann á höldupokum. Bannið er ekki sjálfbært í neinu tilliti, er að líkindum dýrara fyrir samfélagið, hefur neikvæð umhverfisáhrif og flækir úrgangsmál að óþörfu. Að auki hefur enginn í heiminum sýnt fram á að bann sem þetta ætti að vera í forgangi miðað við vistferilsgreiningu hinna ýmsu aðgerða eða að slíkt bann hafi á einhver áhrif á viðhorf eða hegðan fólks er kemur að innkaupum eða úrgangsmálum.

Aðgerð 2: Bann við plasthnífapörum, plastdiskum, plaströrum og öðru einnota plasti skv. tillögu ESB.

SORPA tekur heilshugar undir áætlanir um að banna eða draga verulega úr notkun á þeim tegundum plasts sem taldar eru upp í tillögunni.

Aðgerð 3: Rannsókn- og þróunarsjóður fyrir plast.

Tekið er undir þessa hugmynd.

Aðgerð 4: Vitundarvakning um ofnotkun einnota plastvara.

Tekið er undir þessa tillögu. Þessi tillaga er eina tillagan þar sem minnst er á að eitthvað eigi að gera sem byggist á „vísindalegum grunni“. Væri óskandi að allar tillögurnar í þessari áætlun væru byggðar á vísindalegum grunni og sérstaklega á vistferilsgreiningum. Í þessu sambandi er enn og aftur rétt að benda á áróður um notkun „líflplastpoka“ og annars plasts af lífrænum uppruna. Þess verður að gæta að lækningin (lífrænt plast) sé ekki verri en sjúkdómurinn (venjulegt plast) eins og því miður blasir við hvað varðar poka úr lífrænum efnum. Að lokum má benda á að 12 milljónir í þetta verkefni er líklega of lítið.

² „Life Cycle Assessment of supermarket carrier bags: a review of the bags available in 2006.“ Environment Agency, February 2011, ISBN: 978-1-84911-226-0, https://assets.publishing.service.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/291023/scho0711buan-e-e.pdf

Aðgerð 5: Viðurkenningar fyrir framúrskarandi plastlausar lausnir.

Góð hugmynd, en líklega mætti bæta við verðlaunafé þ.a. eftir einhverju sé að sækjast.

Aðgerð 6: Græn skref í ríkisrekstri.

Tekið er undir þessa hugmynd.

Aðgerð 7: Aðstoð við neytendur sem mæta með eigin umbúðir undir keypta matvöru.

Rétt er í þessu sambandi að vísa á dönsku skýrsluna um innkaupapoka og mikilvægi þess að nýjar aðferðir við innkaup verði ekki verri en þær sem fyrir eru út frá umhverfissjónarmiðum (lífsferilsgreiningu).

Aðgerð 8: Plastaðgerðaráætlun fyrir landbúnað, iðnað, sjávarútveg og ferðaþjónustu.

Tekið er undir þessa hugmynd.

Bætt endurvinnsla**Aðgerð 9: Sveitarfélög og rekstraraðilar skylduð til að koma á samræmdri flokkun úrgangs**

Þessi áætlun snýst um hvernig eigi að draga úr notkun plasts og bæta endurvinnslu á plasti. Því er nokkuð sérstakt að leggja til aðgerðir sem fara langt út fyrir verkefni nefndarinnar. Hér hlýtur að vera átt við að komið sé upp samræmdri flokkun á plasti. Í þessu sambandi er rétt að benda á að nú þegar er í lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 í gr. 10 ákvæði um að koma skuli upp „...sérstakri söfnun á úrgangi þar sem það er tæknilega, umhverfislega og efnahagslega gerlegt og viðeigandi til uppfylla nauðsynlega gæðastaðla í viðkomandi endurvinnslugeira.“ Í 11. gr sömu laga er síðan frekara ákvæði „Safna skal úrgangi sérstaklega ef það er nauðsynlegt til að fara að 1. mgr. og til að auðvelda eða bæta endurnýtingu og ef það er tæknilega, umhverfislega og efnahagslega gerlegt. Við sérstaka söfnun, flokkun og aðra meðhöndlun úrgangs skal reynt að forðast að blanda honum saman við annan úrgang eða efnivið sem hefur aðra eiginleika ef það leiðir til þess að úrgangurinn verði ekki endurnýttur.“ Þetta ákvæði er nægjanlegt til að tryggja sérflokkun úrgangs þar sem það á við. Varað er sterktlega við því að koma upp „ríkiskerfi“ í þessu sambandi – slíkt kerfi á landsvísu gæti aldrei orðið til góðs. Með slíkri tillögu vaknar líka spurning um hvaða mælikvarða á að nota við val á slíkri „ríkisaðferð“.

Aðgerði 10: Álagning úrvinnslugjalds á allt plast

Tekið er undir þessa hugmynd. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á að tryggja þarf að úrvinnslugjald geti staðið undir þeirri endurvinnslu eða endurnýtingu sem stefnt er að.

Aðgerði 11: Matseðill grænna lausna – miðlæg upplýsingagjöf og ráðgjöf.

Tekið er undir þessa hugmynd.

Aðgerð 12: Stutt við græna nýsköpun

Tekið er undir þessa hugmynd.

Aðgerð 13: Heildstætt vöktunarkerfi plasts í hafi

Tekið er undir þessa hugmynd.

Aðgerð 14: Bætt skólphreinsun

Tekið er undir þessa hugmynd.

Aðgerð 15: Nýting settjarna til að varna plastmengun

Áður en lagt er í slík kostnaðarsöm verkefni þarf augljóslega að skoða hvort settjarnir hafi yfir höfuð einhver áhrif á magn örplasts sem sleppur í hafið. Að skoða hve mikið af örplasti hefur sest í settjarnir segir ekkert til um virkni þeirra.

Aðgerð 16: Hreinlætisvörur sem innihalda örplast bannaðar

Tekið er undir þessa hugmynd en gæta verður að því að nægjanlegt fjármagn sé tryggt svo hægt sé að hafa eftirlit með banninu.

Aðgerð 17: Hreinsun íslenskra stranda

Tekið er undir þessa hugmynd en rétt væri þá að stærsti mengunarvaldurinn borgi fyrir hreinsunina. SORPA hefur tekið við því efni sem Blái herinn hefur hreinsað af ströndum og mátti sjá þar að ca. 80-90% af því efni er upprunnið frá útgerðinni. Lítil hluti þessa efnis voru veiðarfæri heldur aðallega tengt kosti, útbúnaði og vélarrúmi skipa. Því er einboðið að útgerðin greiði fyrir þessa hreinsun að öllu leyti.

Aðgerð 18: Merkingar á staðbundnum veiðarfærum

Tekið er undir þessa hugmynd en bent á umfjöllun um aðgerð 17.

Engin umfjöllun er í þessum tillögum um mismunandi tegundir plasts eða þá staðreynd að mikið af umbúðum eru samsettar úr plasti og öðrum efnum (t.d. pappír, plasti, málm). Í nær öllum tilvikum eru þessar samsettu umbúðir óendurvinnanlegar. Eini farvegurinn að lokinni notkun er brennsla (með orkuendurnýtingu) eða urðun. Við hönnun slíkra umbúða er ekki horft til endurnýtingarmöguleika. Þekkt eru dæmi um umbúðir hér á landi sem áður voru eingöngu úr plasti og voru því endurvinnanlegar en eru nú samsettar úr plasti og pappír og engin möguleiki til endurvinnslu. Í annan stað má nefna umbúðir og áhöld úr „plastlíki“ framleiddu úr t.d. sterkju eða sykurreir. Hins vegar er engin leið fyrir neytandann að sjá neinn mun á þessum umbúðum/áhöldum og úr venjulegu plasti. Þessar umbúðir/áhöld mega hins vegar ekki fara í farveg plastendurvinnslu því þær er ekki hægt að endurvinna. Engin umfjöllun eða tillögur snúa að þessum umbúðum sem þó er full þörf á.

Í allri umræðu um plast gleymist oft að plast er ekkert annað en „frosin“ olía sem má umbreyta í olíu aftur og nota sem eldsneyti – þannig er hringrás efnisins lokað. Lagt er til að lögum og reglum verði breytt þannig að endurnýting plasts hér innanlands verði lögð að jöfnu við endurvinnslu erlendis og að Úrvinnslusjóði verði heimilt að greiða úrvinnslugjald til aðila sem slíka endurnýtingu stunda.

Virðingarfyllst,
f.h. SORPU bs.



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

Umhverfisráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 28. nóvember 2018

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (EES innleiðing).

Fyrir liggja ofangreind drög að frumvarpi á samráðsgátt stjórnvalda. Undirritaður hefur þegar komið á framfæri athugasemdum við aðgerðaráætlun í plastmálum, sem m.a. nær til s.k. höldupoka og fylgir sú umsögn hér með. Þar er fjallað um bann við notkun innkaupapoka (höldupoka) úr plasti. Til viðbótar þeim athugasemdum sem þar eru þykir rétt að benda á eftirfarandi atriði.

1. Hvorki í gögnum sem fylgdu umræddri aðgerðaráætlun eða með frumvarpi þessu eru tiltekin gögn sem styðja að bann það sem lagt er til, hafi verið greint út frá hugsanlegum ábata hvort sem er samfélagslegum, umhverfislegum eða fjárhagslegum. Ekki er gerð nein tilraun til að meta hvort notkun burðarpoka sé raunverulegt umhverfisvandamál á Íslandi. Í því sambandi má benda á kannanir sem gerðar hafa verið í Kanada, en niðurstaðan þar var að af rusli á víðavangi í náttúrunni væru burðarpokar um 1%. Bann við plastpokum hefur því lítil áhrif á magn plasts í umhverfinu¹. Úrgangur í umhverfinu („litter“) er ekki efnisvandamál heldur mannlegt vandamál tengt hegðan fólks.
2. Rökin fyrir banni við notkun plastpoka hafa löngum verið að þeir séu „einnota“ og það þurfi að skipta út „einnota plastpokum“. Ef tilefnið er að banna „einnota“ hlýtur það sama að ná yfir einnota plastlíkispoka sem kallaðir hafa verið lífrænir. Slíkir pokar eru jafn einnota og pokar úr venjulegu plasti og því hljóta að gilda sömu hömlur við notkun slíkra poka. Hvað varðar poka úr lífrænum efnum er rétt að benda á eftirfarandi
 - a. Algengar kvartanir sem SORPU berast snúast um að pokar úr lífrænum efnum séu ekki jafn slitsterkir og venjulegir pokar.
 - b. Heildar umhverfisáhrif slíkra poka eru margföld á við venjulega höldupoka úr plasti^{2, 3, 4, 5}.

¹ <http://www.allaboutbags.ca/litter.html>

² „Life Cycle Assessment of grocery carrier bags“, Environmental Project no. 1985, February 2018, Ministry of Environment and Food of Denmark, Environmental Protection Agency (<https://www2.mst.dk/Udgiv/publications/2018/02/978-87-93614-73-4.pdf>)

³ „Life Cycle Assessment of supermarket carrier bags: a review of the bags available in 2006.“ Environment Agency, February 2011, ISBN: 978-1-84911-226-0, https://assets.publishing.service.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/291023/scho0711buan-e-e.pdf

⁴ „Environmental impacts of conventional plastic and bio-based carrier bags, Part I Life Cycle Production“, Hsien Huo Khoo et. al, International Journal of Life Cycle Assess (2010) 15 284-293, https://www.researchgate.net/publication/225785342_Environmental_impacts_of_conventional_plastic_and_bio-based_carrier_bags

⁵ „Environmental impacts of conventional plastic and bio-based carrier bags, Part II End of life options“, Hsien Huo Khoo et. al, The International Journal of Life Cycle Assess, May 2010, Volume 15, Issue 4, pp 338-345, <https://link.springer.com/article/10.1007/s11367-010-0163-8>

- c. Pokar úr lífrænum efnum eru ekki endurvinnanlegir og mega undir engum kringumstæðum blandast með venjulegu plasti. Þar sem þessir pokar eru ekki endurvinnanlegir lenda þeir neðar í þeirri forgangsröðun úrgangslausna sem yfirvöld hafa sjálf sett fram – þá verður annað hvort að urða, brenna eða endurnýta til gas- og/eða jarðgerðar en allar þessar leiðir eru neðar í forgangsröðun stjórnvalda þar sem þó höldupokar úr venjulegu plasti lenda við endurvinnslu. Er nokkuð sérstakt að yfirvöld umhverfismála skuli ljá þessu máls.
- d. Lífrænir pokar brotna ekki niður nema undir mjög sérstökum aðstæðum þar sem ákveðnum umhverfisaðstæðum er náð (hita, raka, næringarefni o.s.frv.), aðstæðum sem ekki eru fyrir hendi í umhverfinu. Í fræðasamfélaginu eru skoðanir skiptar um hvort þessir pokar brotna niður yfir höfuð⁶. Augljós ályktun er því að slíkir pokar valda síst minni mengun í umhverfinu en venjulegir höldupokar úr plasti.
- e. Lífrænir pokar eru venjulega úr sterkju eða sykurreir. Það hlýtur að vera réttmæt spurning hvort ekki megi frekar nýta þetta efni til næringar fyrir einhverja sem þörf hafa á slíku eða í það minnsta tryggja að hráefni í slíka lífræna poka sé ekki ræktað á svæðum sem nýta mætti til matvælaframleiðslu.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að venjulegir höldupokar er eina plastið sem íbúar kaupa oft í þeim tilgangi að endurnota undir sinn úrgang. Sú þörf mun haldast þó bannað verði að afhenda hölduplastpoka. Íbúinn hefur því ekki önnur ráð en að kaupa sérstaka poka undir úrganginn og þá verða pokarnir eingöngu notaðir einu sinni. Réttmæt spurning hlýtur því að vera hvort slíkt bann hafi í raun einhver áhrif á plastnotkun í samfélaginu.

3. Í þeirri Evróputilskipun⁷ sem með þessu frumvarpi á að innleiða er aðildarlöndum gert að grípa til aðgerða en innan skynsamlegs ramma. Í gr. 2 í tilskipuninni er eftirfarandi að finna:

„1a. Member States shall take measures to achieve a sustained reduction in the consumption of lightweight plastic carrier bags on their territory. Those measures may include the use of national reduction targets, maintaining or introducing economic instruments as well as marketing restrictions in derogation from Article 18, provided that these restrictions are proportionate and non-discriminatory. Such measures may vary depending on the environmental impact of lightweight plastic carrier bags when they are recovered or disposed of, their composting properties, durability or specific intended use.“

Af þessu orðalagi í tilskipuninni má ráða að aðgerðir eigi að taka mið af raunverulegum umhverfisáhrifum höldupoka, en ekki að bann við notkun höldupoka sé fortakslaust og skilyrði í nefndri evróputilskipun. Í þessu sambandi má benda á að þegar sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og SORPA hófu sérsöfnun á pappir og pappa í s.k. blárri tunnu minnkaði þörf íbúa á höfuðborgarsvæðinu fyrir plastpoka undir úrgang um ca. 6 milljón stykki á árinu. Aðgerðin hafði hins vegar ekkert með plastpoka eða annan plastúrgang að gera. Vistferilsgreining ætti því augljóslega að fylgja greinargerð frumvarpsins þar sem mismundi kostir eru metnir.

4. Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að draga skuli úr notkun burðarpoka þannig að eigi síðar en 31. desember 2019 verði árlegt notkunarmagn burðarpoka úr plasti 90 burðarpokar úr plasti á einstakling eða færri og eigið síðar en 31. desember 2025 skal árlegt notkunarmagn vera 40 burðarpokar úr plasti á einstakling eða færri eða sem nemur jafngildum markmiðum sem eru gefin upp sem þyngd. Ekki er gerð nein tilraun til að áætla eða reikna út hve mikið

⁶ <https://www2.mst.dk/Udgiv/publications/2018/02/978-87-93614-73-4.pdf>

⁷ DIRECTIVE (EU) 2015/720 OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 29 April 2015 amending Directive 94/62/EC as regards reducing the consumption of lightweight plastic carrier bags

Þetta magn er í dag (2018). Er hugsanlegt að magnið sé þegar undir þessum mörkum? Hvað kostar eða sparar það íbúa í útgjöldum að ná þessu markmiði?

5. Fortakslaust ætti að banna notkun sk. „oxo-biodegradable“ poka sbr. umfjöllun í gr. 18 í umræddri tilskipun.
6. Í umræddri tilskipun er höldupokum skipt upp í tvennt, annars vegar „lightweight“ sem miðast við pokaþykkt undir 50 míkron og svo „very lightweight“ sem miðast við pokaþykkt undir 15 míkron. Ekki er í frumvarpinu gerður þessi sami greinarmunur og í tilskipuninni. Í tilskipuninni, gr. 2 er sérstaklega tekið fram að heimilt sé að undanskilja „very lightweight“ frá öllum áætlunum. Ekki er ljóst hvernig þessari heimild verður beitt í íslenskum lögum og í raun hvergi minnst á þessa þykktaraðgreiningu poka í frumvarpinu.

Virðingarfyllt



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri